Grunur um efnaleifar – Viðbrögð í sláturhúsi

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1 Grunur um efnaleifar	Málakerfi	1. Ef eftirlitsdýralæknir (ED) í sláturhúsi grunar eða hefur sannanir fyrir ólöglegri meðferð eða að afurðarnýtingarfrestur hafi ekki verið virtur skal hann fresta slátrun dýra ef hægt er þar til hann hefur fullvissað sig um að magn efnaleifa sé ekki yfir leyfilegum mörkum. ED skal upplýsa héraðsdýralækni (HD) og sérgreinadýralækni efnaleifa (SE) um málið. SE stofnar mál í málakerfinu með bónda/framleiðanda sem málsaðila og öll gögn málsins vistuð þar undir. Heiti máls skal vera „Grunur um efnaleifar“.
2. Aðskilin slátrun		2. ED skal sjá til þess, þegar afurðarnýtingarfrestur er liðinn eða ef ekki er unnt að fresta slátrun, að dýrunum sé slátrað í lok dags, aðskilið frá öðrum hjörðum sem komið er með í sláturhúsið.
3. Sýni tekin	Sýni	3. ED tekur öll þau sýni sem þarf til að greina viðkomandi efni í samráði við SE og samkvæmt LBE Grunur um efnaleifar - sýnataka í sláturhúsum og fyllir út EBL-137 Sýnatökuseðill – Grunur um efnaleifar. Einnig skal vinna eftir VLY-102 um ólöglega meðferð eða VLY-104 um efnaleifar yfir hámarksgildum eftir því sem við á.
4. Skrokkum haldið eftir		4. ED skal halda eftir skrokkum og aukaafurðum þar til niðurstöður liggja fyrir og skulu skrokkar merktir með þartilgerðu merki.
5. Jákvæðir skrokkar og afurðir		5. Ef niðurstöður eru jákvæðar skal **ED** dæma viðkomandi skrokk óhæfan til manneldis og meðhöndla hann og aukaafurðirnar í samræmi við gildandi reglur um aukaafurðir dýra án nokkurra bóta.